

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal 2024

haldinn á Skjöldólfsstöðum, laugardaginn 27. apríl kl. 14.

Dagskrá:

1. Erindi gesta fundarins:
 - Erindi Prastar Elliðasonar, fyrirsvarsmanns Strengja ehf. leigutaka
 - Erindi Stefáns Hrafnssonar, um Six Rivers verkefnið á norðausturhorninu
2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum
3. Skýrsla stjórnar
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu og reikninga
6. Fjárhagsáætlun næsta árs
7. Breytingar á samþykktum félagsins
8. Kosningar:
 - a. Kosning 2ja stjórnarmanna til þriggja ára
 - b. Kosning 3ja varamanna til eins árs
 - c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs
 - d. Kosning kjörbréfanefndar
9. Arðgreiðslur
10. Önnur mál

Þorvaldur P. Hjarðar formaður setti fund kl. 14.05 og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um starfsmenn fundarins: Aðalstein I. Jónsson sem fundarstjóra og Skúla Björn Gunnarsson sem ritara. Fundurinn samþykkti það. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og byrjaði á að kanna lögmati hans. Enginn gerði athugasemd. Að því búnu var gengið til dagskrár. Sú breyting varð á boðaðri dagskrá að Stefán Hrafnsson forfallaðist með sitt erindi en Árni Óðinsson frá Landsvirkjun kom inn í staðinn.

1. Erindi gesta

Þröstur Elliðason, leigutaki og fyrirsvarsmannur Strengja

Þröstur Elliðason flutti sitt erindi og fór yfir hvernig síðasta ár gekk fyrir sig. Endurbætur voru gerðar á veiðihúsinu í Hálsakoti, haldið áfram að skipta um glugga og bæta aðstöðu bæði fyrir veiðimenn og starfsfólk. Síðustu vikur er einnig búið að skipta um þakið á gamla samkomuhúshlutanum.

Gönguseiðasleppingar voru auknar í hliðaránum í samræmi við áætlanir til að ýta undir veiðina á neðri hlutanum. Smáseiðasleppingum var samt haldið áfram uppi á dal þó að magnið væri minna áður var. Alls var sleppt 53.400 göngusleiðum en 38.200 smáseiðum.

Kostnaður við gönguseiði er um 200 kr. stk. en smáseiðin 80-100 kr. Þröstur sagði að gæði seiðanna hefðu verið meiri en áður og líflíkur þeirra því meiri. Það er mikilvægt því að heimtur úr hafi hafa minnkað um helming á síðasta áratugnum um allt land að sögn Þrastar sem bendir til breyttra lífsskilyrða.

Vatnsleysi í þveránum og Fögruhlíðará hafði mikil áhrif á veiði og þær náðu ekki að taka við högginu í veiðinni sem kom með yfirfallinu í byrjun ágúst. Þróun bleikjuveiði hefur verið svipuð á Jökluvæðinu og annars staðar en breytingar í náttúrunni virðast hafa dregið úr bleikjugengd á Íslandi. Þröstur sagðist þessa vegna leggja æ meiri áherslu á að bleikju sé líka sleppt.

Í fyrra var kominn lax upp á Hólaflúð daginn fyrir opnun sem gekk síðan áfram upp ána. Það staðfesti að göngurnar koma fyrr inn ef skilyrði eru rétt í Jöklu. Fyrsti laxinn veiddist í Skipalág og var gönguseiði úr Fossártjörn frá 2021. Í lok júní voru komnar góðar

göngur alveg upp að Hneflu og veiði fín. Hraðinn á göngu fiskanna sannaðist með lúsugum laxi sem veiddist uppi í Tregluhyl. Þröstur sýndi að betri aðkoma að Stapanum jók veiðina þar til muna. Nýr veiðistaður uppgötvaðist líka á milli brúnna hjá Brúarási sem virðist vera legustaður fyrir laxinn.

Bleikjuskot kom í Kaldána í byrjun ágúst þegar yfirfallið kom í Jöklu og voru þær mjög vænar. Síðustu tveir dagarnir í september voru veiðanlegir þar sem yfirfallið var búið. Þá veiddist vel í Hólaflúðinni og á neðri hlutanum, 55 fiskar, og var mikið af þeim tekið í klak. Heildarlaxveiðin varð því 524 og af þeim um 100 eftir að yfirfallið kom á þessum tveimur dögum og úr þveránum. Hlutfallið í veitt og sleppt var um 85% á síðasta ári.

Umfjöllun um Jöklu sem laxveiðiá hefur verið góð síðasta árið. Meðal annars birtist stór grein í virtu bresku tímariti og hún hefur skilað bókunum 2025 nú þegar. Bókunum frá Bretlandi hefur samt fækkað og laxveiði á Íslandi virðist hafa slæmt orð á sér þar auk þess sem eldgosin hafa sitt að segja. Salan fór vel af stað í haust en enn eru óseld bestu og dýrustu hollin í kringum mánaðamótin júlí ágúst. Þröstur sagðist vonast til að nú færi salan í ágúst að aukast þar sem litlar líkur væru orðnar á yfirfalli í ágúst. Veiðin í ár mun hefjast 24. júní og verður það sami hópur Spánverja og opnaði í fyrra.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Kristján Guðþórsson spurði út í seiðasleppingarnar í þveránum. Þröstur sagði að stefnan væri að auka þær sleppingar til að ná upp veiðinni en einnig væri mikil áhersla á lögð á seiðin væru stærri og öflugri.

Árni Óðinsson frá Landsvirkjun

Næstur tók til máls Árni Óðinsson frá Landsvirkjun. Hann brá upp fjórum glærum sem sýndu stöðuna í Háslóni og fór yfir þær. Aðeins einu sinni hefur staðan á Háslóni verið svipuð, þ.e. hæðin verið komin undir 580 m á þessum tíma árs. Skerðingar eru í gildi á afhendingu sveigjanlegra raforkusamninga eru í gildi. Það var veturinn 2013-2014. Að mati sérfræðinga Landsvirkjunar er á þessum tímapunkti útilokað að spá fyrir um hvenær lónið fylltist en afar ólíklegt að það gerist í ágúst. Og vegna lágrar vatnsstöðu sem eigi eftir að lækka enn frekar fram í vorið séu orðnar þriðjungslíkur á að það fyllist alls ekki. Árni sagði að það færi þó allt eftir hversu sólríkt og hlýtt sumarið. En það er ljóst að staðan lítur mjög vel út hvað varðar veiðidaga og góðar líkur á að þeir verði fleiri í Jöklu en nokkru sinni áður.

2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum

Atkvæðaskrá hafði verið send út með fundarboði og ekki komið fram athugasemdir við hana, alls 74 atkvæði. Þorsteinn P. Gústafsson kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar varðandi umboð og mætingu. Mættir á þennan aðalfund voru 17 manns með gestum í sal á Skjöldólfsstöðum. Atkvæði teljast 22, þar af eru skrifleg umboð 10. Sjá nánar um atkvæði í fylgiskjali 1.

Skrifleg umboð sem kjörbréfanefnd höfðu borist og voru metin gild eru sem hér segir:

Skúli Björn Gunnarsson	umboð frá eiganda Litla-Bakka	1 atkv.
Jónas Bragi Hallgrímsson	umboð frá ábúanda Skriðuklausturs	1 atkv.
Halla Eiríksdóttir	umboð frá eiganda Hákonarstaða I og III	2 atkv.
-	umboð frá eiganda Langagerðis & Arnórsstaða 3	2 atkv.
Hafliði P. Hjarðar	umboð frá eigendum Hjarðarhaga	1 atkv.
Þorvaldur P. Hjarðar	umboð frá eigendum Laugarvalla	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Hrærekslæks	1 atkv.
Gestur Hallgrímsson	umboð frá Blöndugerði	1 atkv.

Ábúendur og/eða landeigendur á fundinum með atkvæði:

Gestur Hallgrímsson	eigandi Stórabakka	1 atkv.
-	ábúandi Blöndubakka	1 atkv.
Snæbjörn Ólason	eigandi Hauksstaða	1 atkv.
Þorsteinn P. Gústafsson	eigandi Geirastaða 2	1 atkv.
Lárus Brynjar Dvalinsson	eigandi Vörðubrúnar	1 atkv.
Guðmundur Ólason	eigandi Hrólfsstaða	1 atkv.
Sigurður H. Jónsson	eigandi Mælivalla og Skuggahlíð	2 atkv.
Þorsteinn Snædal	eigandi Skjöldólfsstaða I	1 atkv.
Kristján Guðþórsson	eigandi Árteigs og Hnitbjarga	2 atkv.
Benedikt Ólason	eigandi Gauksstaða	1 atkv.

Engar athugasemdir voru gerðar við niðurstöðu kjörbréfanefndar.

3. Skýrsla stjórnar

Þorvaldur P. Hjarðar formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann fór yfir helstu verkefni síðastliðins starfsárs sem voru nokkuð hefðbundin. Gott átak var gert í merkingum og lagfæringum stíga með aðstoð vinnuflokks Landsvirkjunar. Þá tókst tiltektardagur með ágætum 8. júlí þó að landeigendur hefðu mátt taka virkari þátt. Vinna sérfræðinga Haf og vatns við búsvæða- og botnngerðarmat í Jöklu fór af stað eins og ráðgert var og vonandi tekst að koma því vel áleiðis í sumar þar sem útlit er fyrir að yfirfall komi seint eða ekki. Enginn styrkur fékkst úr Fiskræktarsjóði þetta árið og af þeim sökum var minna um stærri framkvæmdir en ella. Vegagerðin kostaði fyrirhleðslu neðan við Blöndubakka til að hindra að áin færi gegnum eyrina þar með tilheyrandi seiðadauða. Þorvaldur þakkaði samstarfið við leigutaka og veiðiréttarhafa á árinu og kvaðst horfa björtum augum til þessa sumars og framtíð Jöklu sem veiðiár skipti máli fyrir sveitirnar. Sjá nánar í fylgiskjal 2.

4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Farið var yfir ársreikning félagsins, sjá fylgiskjal 3. Ársreikningur hefur verið undirritaður af skoðunarmönnum og stjórn. Halla gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi 2023.

Helstu niðurstöðutölur eru þessar:

Rekstrartekjur	5.714.091 kr.
Rekstrargjöld	4.468.641 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>225.564 kr.</u>
Afgangur ársins	1.471.014 kr.
<u>Eigið fé í árslok</u>	<u>8.765.893 kr.</u>

Í máli Höllu kom fram að um 1200 þús. kr. eru nú á geymslureikningi sem ógreiddar arðsgreiðslur þar sem ekki hafa fengist upplýsingar frá veiðiréttarhöfum um hvert eigi að greiða arðinn. Höfuðstóll félagsins hefði líka stækkað á undanförunum árum en það væri með ráðum gert til að eiga fyrir kostnaði sem fyrirsjáanlegur væri við gerð nýrrar arðskrár þegar mat á búsvæðum lægi fyrir.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs

Lið 6. var kippt fram fyrir í dagskrá og Halla fór yfir fjárhagsáætlun stjórnar fyrir árið 2024 og helstu verkefni samhliða yfirferð um ársreikninginn, sjá fylgiskjal 4.

Helstu tölur úr fjárhagsáætlun eru:

Rekstrartekjur	10.747.837 kr.
Rekstrargjöld	- 9.673.486 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>250.000 kr.</u>
Rekstrarafgangur ársins	1.324.351 kr.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir samningsbundnum hækkunum leigutekna og 60 veiðidögum. Þá er gert ráð fyrir að 500 þús. kr. styrkur fáið úr Fiskræktarsjóði en svör hafa ekki enn borist þaðan. Útgjöld til framkvæmda eru áætluð í samræmi við það. Áhersla verður lögð á að bæta aðgengi að nýjum veiðistöðum kringum brýrnar hjá Brúarási. Áfram er gert ráð fyrir að landeigendur geti sótt um styrki til framkvæmda til stjórnar og er eyðublað fyrir það á heimasíðu félagsins. Þá er gert ráð fyrir að hefja greiðslur vegna stjórnarsetu og áætlaðar 400 þús. kr. í það.

5. Umræður um skýrslu, reikninga og fjárhagsáætlun

Litlar umræður urðu um ársreikning, skýrslu stjórnar og fjárhagsáætlun. Fundarstjóri bar ársreikninginn undir atkvæði. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða með handauppréttingu. Fjárhagsáætlunin var sömuleiðis samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

9. Arðgreiðslur

Lið 9 var einnig kippt fram fyrir enda tengist sú afgreiðsla samþykkt fjárhagsáætlunar. Tillaga stjórnar um arðgreiðslur hljóðaði upp sömu hlutföll á síðasta ári. Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhljóða:

*Stjórn veiðifélagsins leggur til eftirfarandi varðandi arðgreiðslur 2024:
Að 70% af leigutekjum 2024 fari í arðgreiðslur ársins.*

7. Breytingar á samþykktum félagsins

Engar breytingar á samþykktum lágu fyrir fundinum.

8. Kosningar:

a. Kosning 2ja stjórnarmanna til 3ja ára

Fundarstjóri tilkynnti að sæti Höllu Eiríksdóttur og Lárusar Brynjars Dvalinssonar væru undir þetta árið en þau gæfu bæði kost á sér áfram. Enginn annar bauð sig fram og voru þau klöppuð inn sem aðalmenn í stjórn til næstu 3ja ára.

b. Kosning 3ja varamanna til eins árs

Á síðasta aðalfundi voru varamenn kosnir: Agnar Benediktsson 1. varamaður, Þorsteinn Gústafsson 2. varamaður og Stefanía Karlsdóttir 3. varamaður. Þau gefa öll kost á sér áfram. Enginn önnur framboð komu fram. Agnar, Þorsteinn og Stefanía klöppuð inn sem varamenn næsta starfsárið í sömu röð og áður.

c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs

Tillaga um Sólrúnu Hauksdóttir og Ragnar Antonsson sem aðalskoðunarmenn og Benedikt Arnórsson til vara. Samþykkt samhljóða.

d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara.

Í kjörbréfanefnd voru kosnir: Þorsteinn Gústafsson, Benedikt Arnórsson og Guðmundur Ólason sem aðalmenn. Hallgrímur Þórhallsson og Benedikt Ólason kosnir til vara.

10. Önnur mál

Þróstur tók stuttlega til máls og þakkaði fyrir að fá að koma á fundinn og gott samstarf við veiðifélagið. Hann sagðist vonast til að á næsta ári yrði hægt að fagna góðu veiðisumri sem útlit er fyrir að sé framundan.

Benedikt Ólason tók til máls og sagði að á um 10 km kafla hér handa við ána, m.a. í landi Gauksstaða væri hægt að bæta aðgengið að veiðistöðum. Þær framkvæmdir kostuðu hins vegar meira heldur en þær 200 þús. kr. sem stjórn félagsins hefur miðað við að sé þak á styrkjum til landeigenda. Þorvaldur formaður tók til máls og sagði mikilvægt að skoða þetta og fá áætlanir um staði og kostnað. Það auðveldaði veiðifélaginu að sækja fjármagn í slíkar framkvæmdir sérstaklega ef að á þyrfti að halda.

Fundarritara og fundarstjóra falið að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri sagði sig frá störfum. Þorvaldur formaður þakkaði fyrir góðan fund.

Að því búnu sleit Þorvaldur fundi kl. 15.40.

Aðalsteinn Jónsson fundarstjóri

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Skrá yfir atkvæði í Veiðifélagi Jökulsár á Dal á aðalfundi 27. apríl 2024

1. Blöndugerði	Landeigandi	Gestur Hallgrímsson umboð
2. Blöndubakki	Ábúandi	Gestur Hallgrímsson
3. Stóri-Bakki	Landeigandi	Gestur Hallgrímsson
4. Árbakki	Landeigandi	
5. Litli-Bakki	Landeigandi	Skúli Björn Gunnarsson umboð
6. Hrærekslækur	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
7. Galtastaðir út	Landeigandi	
8. Geirastaðir II	Landeigandi	Þorsteinn P. Gústafsson
9. Húsey I	Ábúandi	
10. Húsey II	Landeigandi	
11. Valþjófsstaður	Landeigandi	
12. Aðalból	Ábúandi	
13. Vaðbrekka	Ábúandi	
14. Skriðuklaustur	Ábúandi	Jónas Bragi Hallgrímsson umboð
15. Klaustursel	Landeigandi	
16. Merki	Ábúandi	
17. Arnarhóll	Ábúandi	
18. Arnórsstaðapartur	Landeigandi	
19. Gauksstaðir	Landeigandi	Benedikt Ólason
20. Mælivellir	Landeigandi	Sigurður H. Jónsson
21. Skuggahlíð	Landeigandi	Sigurður H. Jónsson
22. Hnefilsdalur I	Landeigandi	
23. Hnefilsdalur II	Landeigandi	
24. Smáragrund	Landeigandi	
25. Skeggjastaðir	Landeigandi	
26. Refshöfði	Landeigandi	
27. Teigasel	Landeigandi/Ábúandi	
28. Gil	Landeigandi	
29. Hrúthamrar	Landeigandi	
30. Hauksstaðir	Landeigandi	Snæbjörn Ólason
31. Hrólfsstaðir	Landeigandi	Guðmundur Ólason
32. Hvanná I	Landeigandi	
33. Hvanná II	Landeigandi	
34. Hvanná III	Landeigandi	
35. Hofteigur	Ábúandi	
36. Hjarðargrund	Landeigandi	
37. Hjarðarhagi	Landeigandi	Hafliði P. Hjarðar umboð
38. Skjöldólfsstaðir I	Landeigandi	Þorsteinn Snædal
39. Skjöldólfsstaðir II	Landeigandi	
40. Gilsá	Landeigandi	
41. Arnórsstaðir I og II	Landeigandi	
42. Arnórsstaðir III	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
43. Hákonarstaðir I	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
44. Hákonarstaðir II	Landeigandi	
45. Hákonarstaðir III	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
46. Langagerði	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
47. Breiðilækur	Landeigandi	
48. Grund	Landeigandi	
49. Eiríksstaðir	Ábúandi	
50. Brú	Landeigandi	
51. Laugavellir	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð

52. Eyjasel	<i>Landeigandi</i>	
53. Hólmátunga	<i>Landeigandi</i>	
54. Torfastaðir	<i>Landeigandi</i>	
55. Árteigur	<i>Landeigandi</i>	Kristján Guðþórsson
56. Hnitbjörg	<i>Landeigandi</i>	Kristján Guðþórsson
57. Bláeyri/Fagrahlíð	<i>Landeigandi</i>	
58. Hlíðarhús	<i>Landeigandi</i>	
59. Sleðbrjótssel	<i>Landeigandi</i>	
60. Mássel	<i>Landeigandi</i>	
61. Sleðbrjótur I	<i>Landeigandi</i>	
62. Sleðbrjótur II	<i>Landeigandi</i>	
63. Breiðamörk I	<i>Landeigandi</i>	
64. Breiðamörk II	<i>Landeigandi</i>	
65. Surtssstaðir	<i>Landeigandi</i>	
66. Hallgeirsstaðir	<i>Landeigandi</i>	
67. Vörðubrún	<i>Landeigandi</i>	Lárus Brynjar Dvalinsson
68. Hrafnabjörg I	<i>Landeigandi</i>	
69. Hrafnabjörg II	<i>Landeigandi</i>	
70. Hrafnabjörg III	<i>Landeigandi</i>	
71. Hrafnabjörg IV	<i>Landeigandi</i>	
72. Fossvellir I	<i>Landeigandi</i>	
73. Fossvellir II	<i>Landeigandi</i>	
74. Selland	<i>Landeigandi</i>	

**Skýrsla stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal
flutt af formanni á aðalfundi félagsins 27. apríl 2024**

Stjórn félagsins síðasta árið skipuðu: Þorvaldur P. Hjarðar formaður
Skúli Björn Gunnarsson ritari
Halla Eiríksdóttir gjaldkeri
Gestur Jens Hallgrímsson og
Lárus Brynjar Dvalinsson meðstjórnendur

Varafólk í stjórn, Agnar Benediktsson, Stefanía Katrín Karlsdóttir og Þorsteinn Gústafsson voru boðuð á alla stjórnarfundum og sátu marga þeirra. Haldnir voru fimm formlegir stjórnarfundir á starfsárinu sem fóru allir vel fram og bauðst þeim sem voru fjarstaddir jafnan að vera með á Zoom.

Félagsstarfið

Félagið fékk ekkert framlag úr Fiskræktarsjóði þetta árið til að halda áfram að bæta aðgengi og merkingar við ána. Þar sem enn var eitthvað eftir frá fyrra ári gátu landeigendur samt áfram sótt um styrk til framkvæmda á til þess gerðu eyðublaði sem er aðgengilegt á heimasíðu félagsins. Almenna reglan um úthlutun hefur verið að styrkja að hámarki 50% af framkvæmd en stjórn taldi rétt að hafa 200 þús. kr. styrk sem hámark til einnar framkvæmdar nema í sérstökum tilfellum. Rétt er að hvetja landeigendur um að sækja um styrki til framkvæmda en minna jafnframt á að mikilvægt er að sótt sé um styrki áður en lagt er í framkvæmd, því að stjórn getur orðið að forgangsraða.

Dýrustu aðgerðir við Jöklu 2023 voru varnagarður neðan Blöndubakka og varnir við hlöðuna á Skeggjastöðum. Þær framkvæmdir voru hins vegar nánast alfarið fjármagnaðar af Vegagerðinni og Landsvirkjun auk þess sem Landgræðslan kom að verkefninu. Framlag Veiðifélagsins var aðstöðuþekking og gagnasamþykki.

Fréttabréf veiðifélagsins var sent út í júnílok og fyrsti lax veiðisumarsins prýddi forsíðuna.. Tiltektardagur var 8. júlí og tókst ágætlega þó að félagsmenn hafi lítið mætt og vinnan fyrst og fremst verið framkvæmd af sjálfboðaliðum. Góð samvera í Hálsakoti var eftir tiltekt við ána. Rætt var um góðan árangur af þessum dögum og að umhverfi árinna væri sífellt að batna. Byrjað var á tiltekt við Rjúkandahvamm og haldið út með Jöklu beggja vegna. Stýrði Halla verkinu að norðanverðu en Þorvaldur að austan og síðan varenað grilli í Hálsakot og í kjölfarið boðið upp á að skoða veiði á völdum stöðum að höfðu samráði við leigutaka. Sjálfboðaliðasamtökin SEEDS International lögðu til 8 sjálfboðaliða í hreinsunina. Stjórn hafði samráð við hagsmunaaðila um útfærslu og skipulag dagsins. Í þarnæstu viku á eftir kom vinnuhópur frá Landsvirkjun til að laga veiðistíga, merkja gönguleiðir og setja upp príflur. Guðmundur Ólason veiðivörður og Þorvaldur formaður stýrðu þeim framkvæmdum.

Fjármál

Greiðsla arðs af leigutekjum ársins var alls um 4 m.kr eða 70% af leigutekjum og greiddur út til veiðiréttarhafa í lok árs. Upphæð arðs ræðst aðallega af fjölda veiðidaga og árið 2023 voru þeir aðeins 39 sem þýddi að arður til landeigenda lækkaði töluvert milli ára. Gjaldkeri mun fara yfir fjárhag félagsins og er því ekki talað um það hér en arðgreiðslur eru samt farnar að verða meiri en fyrir pulsu og kók, eins og stundum hefur verið sagt.

Veiðifélagið er skuldlaust og rekstur í jafnvægi, arðgreiðslur vaxandi, styrkir hafa fengist fyrir flestum framkvæmdum og má það þakka að sjóðaglöggfólk hefur verið til staðar í stjórn félagsins. Ekki er ráðist í neinar framkvæmdir nema fjármögnun sé tryggð.

Ekki voru greidd laun fyrir setu á stjórnarfundum árið 2023 fremur en hin fyrri ár. En stjórn hefur nú samþykkt að breyta því á þessu ári með smárrí greiðslu fyrir fundarsetu.

Veiðin

Sumarið 2023 var la-la veiðisumar, en veiði á Jöklu svæðinu varð á sjötta hundrað laxa. Yfirfallið kom snemma í ágúst svo að toppsumar kom ekki. Alls veiddust 465 laxar í Jöklu og svo nokkrir tugir úr þverám. Laxá og Kaldá voru vatnslitlar og veiðin eftir því. Silungsveiði var svipuð og árið á undan.

Hólaflúð, Teigsbrot og Svelgur voru aflagæstu veiðistaðirnir og veiði var með betra móti á efri svæðum. Stærð fiska var með ásættanleg en ekki er kunnugt um neinn Hundraðkall. Veiðin glæddist á milli ára á neðsta svæði, þ.e. neðan Steinboga og nýr veiðistaður fannst í Gljúfrum milli brúa. Efsti veiðistaður var eins og áður við ósa Treglu, Tregluhylur milli Merkis og Hákonarstaða. Þar veiddust nokkrir laxar. Virðist sem Kastið sé hindrun, en vantar að veiða meira á Efri Jökuldal. Vonandi verður hægt að sannreyna það betur í sumar þar sem ekki er von á yfirfalli fyrr en seint og síðar meir. Vonir standa einnig til að fleiri Íslendingar skili sér næsta sumar þar sem áin hafi spurst vel út og margir prófað hana sem aldrei hafa komið áður.

Búsvæðamat og rannsóknir

Formaður hitti sérfræðinga frá Hafi og vatni þegar þeir kom austur sl. sumar og hófu rannsóknir vegna gerð búsvæðamats fyrir Jöklu. Einnig var fundað með Landsvirkjun sem kostar þær rannsóknir á ánni er varða búsvæðamatið. Full stuttur tími fékkst við ána sumarið 2023 vegna yfirfalls en matinu verður framhaldið í sumar og ætlunin að verkinu ljúki árið 2025.

Búsvæðamat laxsins í Jöklu á að gilda 20% í arðskrá og voru skildar eftir 2.000 einingar í það af 10.000 einingum við fyrstu gerð arðskrárinnar. Þess vegna ríður á að fá matið klárað hið fyrsta til að leggja drög að uppfærðri gjaldskrá.

Að lokum

Vil ég að lokum þakka stjórn, veiðiréttarhöfum, leigutaka sem og öðrum fyrir gott samstarf. Þau sautján ár sem liðin eru frá virkjun árinna til raforkuframleiðslu hefur tekist að byggja upp veiðistofn í ánni og setja reglur um skiptingu tekna af leigu með samþykkt arðskrár. Vonandi stefna allir að sama marki sem hagsmunum eiga að gæta varðandi framtíðaruppbyggingu og nýtingu Jöklu sem stoðar til framtíðar byggðar í sveitinni okkar. Megi Veiðifélag Jökulsár á Dal vaxa og arðsemi aukast um ókomna tíð.

*Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal
Þorvaldur P. Hjarðar formaður*



ÁRSREIKNINGUR 2023



Áritun stjórnar

Loov. P. Hjartar

Geirur (Haug)

Stóri B.

Halla Eiríksdóttir

Guðrún De la Cruz

Áritun skoðunarmanna

Undirrituð, kjörnir skoðunarmenn reikninga fyrir **Veiðifélag Jökulsá á Dal**, höfum farið yfir ársreikning þennan. Gerum engar athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.

þann 20.04.2024

Sólrún Hauksdóttir

Benedikt Þmörsson

Áritun reikningshaldara

Ársreikning þennan fyrir **Veiðifélag Jökulsá á Dal** hefi ég samið eftir bókhaldi félagsins. Reikningurinn er unninn í dk-bókhaldskerfi og hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 2023, efnahagsreikning 31. desember 2023, sundurliðanir samkvæmt skýringanúmerum.

Rekstrartekjur samkvæmt ársreikningi 5.714.091 og rekstrargjöld 4.468.641 og jákvæð niðurstaða eftir fjármagnsliði kr. **1.471.014**

Egilsstöðum þ. 17.04.2023

Anna D. K. Helgadóttir

Anna Dóra Kjervlf Helgadóttir

	Skýr.	2023	2022
REKSTRARTEKJUR:			
Leigutekjur	1	5.714.091	8.800.000
Útlagður kostnaður	1	0	14.415
Styrkur, Fiskræktarsjóður	1	0	1.000.000
Rekstrartekjur alls		<u>5.714.091</u>	<u>9.814.415</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Arðgreiðslur	2	3.879.725	6.160.000
Aðkeypt þjónusta	3	0	250.400
Annar rekstrarkostnaður	4	556.194	1.141.908
Rekstrargjöld alls		<u>4.468.641</u>	<u>7.552.308</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		1.245.450	2.262.107
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:			
Vaxtatekjur og verðbætur		225.564	72.849
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		0	(7.411)
		<u>225.564</u>	<u>65.438</u>
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi		<u>1.471.014</u>	<u>2.327.545</u>
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		<u>1.471.014</u>	<u>2.327.545</u>

	Skýr.	2023	2022
EIGNIR			
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur	5	2.453.375	3.816.028
Handbært fé	6	7.536.062	4.857.098
Veltufjármunir alls		<u>9.989.437</u>	<u>8.673.126</u>
 EIGNIR SAMTALS			
		<u>9.989.437</u>	<u>8.673.126</u>
 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 01.01.		7.294.879	4.967.334
Hagnaður (tap) ársins		<u>1.471.014</u>	<u>2.327.545</u>
Eigið fé alls		<u>8.765.893</u>	<u>7.294.879</u>
 SKAMMTÍMASKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	7	<u>1.223.544</u>	<u>1.378.247</u>
Skammtímaskuldir alls		<u>1.223.544</u>	<u>1.378.247</u>
 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS			
		<u>9.989.437</u>	<u>8.673.126</u>

	2023	2022
1. REKSTRARTEKJUR:		
Leigutekjur	5.714.091	8.800.000
Útlagður kostnaður	0	14.415
Styrkur, Fiskræktarsjóður	0	1.000.000
Rekstrartekjur alls	5.714.091	9.814.415
2. REKSTRARGJÖLD:		
Arðgreiðslur	3.879.725	6.160.000
Kaffikostnaður	32.722	0
Aðkeypt þjónusta	0	250.400
Hreinlætisvörur	7.699	0
Efniskaup v stíga og slóða	0	872.720
Annar kostnaður	15.672	0
Burðargjöld	50.100	0
Pappír, prentun og ritföng	27.082	24.180
Endurskoðun og reikningsskil	100.420	53.966
Ferðakostnaður	105.200	23.271
Funda- og viðskiptakostnaður	0	68.000
Félags- og aðildargjöld	165.921	98.346
Auglýsingar án vsk.	15.000	0
Þjónustugjöld og fit kostnaður	8.200	1.425
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	60.900	0
Rekstrargjöld alls	4.468.641	7.552.308
5. SKAMMTÍMAKRÖFUR:		
Viðskiptamenn	2.387.830	3.800.000
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn	65.545	16.028
Skammtímakröfur alls	2.453.375	3.816.028
6. HANDBÆRT FÉ:		
Veltureikningur 0305-26-6100	5.414.209	2.680.937
Arion 0305-22-000696	2.019.221	2.014.566
Arion 0305-13-110239	102.632	100.695
Inneign hjá Logg ehf.	0	60.900
Handbært fé alls	7.536.062	4.857.098
7. VIÐSKIPTASKULDIR:		
Lánardrotnar	0	250.883
Ógreiddur arður fyrra árs	1.223.544	1.127.364
Viðskiptaskuldir alls	1.223.544	1.378.247

Rekstrarhreyfingar:

	2023	2022
Tekjur umfram gjöld samkvæmt rekstrarreikningi	1.471.014	2.327.545
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur af langtímaskuldum	0	
Afskriftir	0	
Veltufé frá rekstri	1.471.014	2.327.545
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur lækkun, (hækkun)	1.362.653	2.293.358
Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun)	(154.703)	4.189.098
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	1.207.950	6.482.456
Handbært fé frá rekstri	2.678.964	8.810.001

Fjárfestingahreyfingar:

Kaup á fastafjármunum	0	0
Aðrar fjárfestingahreyfingar	0	0
Fjárfestingahreyfingar alls	0	0

Fjármögnunarhreyfingar:

Tekin ný langtímalán	0	
Afborganir af langtímalánum	0	
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	0	
Fjármögnunarhreyfingar alls	0	0

Hækkun (lækkun) á handbæru fé

2.678.964 5.300.185

Handbært fé í ársbyrjun

4.857.098 4.183.335

Handbært fé í árslok

7.536.062 9.483.520

Veiðifélag Jökulsár á Dal - fjárhagsáætlun fyrir árið 2024

lögð fyrir aðalfund 27. apríl
2024

	Áætlun 2024	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Eigið fé í ársbyrjun	8.765.893	7.294.879	7.294.879	4.967.334
Tekjur:				
Leigutekjur	10.247.837	5.714.091	8.800.000	8.800.000
Aðrar tekjur	500.000	0	500.000	1.014.415
Tekjur alls	10.747.837	5.714.091	9.300.000	9.814.415
Gjöld:				
Arðgreiðslur	7.173.486	3.879.725	6.160.000	6.160.000
Fundakostnaður	150.000	137.922	150.000	91.271
Bóknun og akstur stjórnar	400.000	0	0	0
Bókhald og lögfræðipjón.	150.000	100.420	100.000	53.966
Sérfræðipjónusta	50.000		50.000	
Framkvæmdir				
Merkingar veiðistaða	200.000		300.000	
Veiðivegir og stígar	600.000	7.699	1.000.000	1.123.120
Fiskvegir	300.000		600.000	
Útgáfa og innra félagsstarf				
Fréttabréf og heimasíða	100.000	92.854	100.000	24.180
Veiðikort	400.000		400.000	
Námskeið o.fl.	50.000		50.000	
Annar kostnaður	100.000	250.021	100.000	99.771
Gjöld alls	9.673.486	4.468.641	9.010.000	7.552.308
Fjármagnst. & gjöld	250.000	225.564		65.438
Rekstrarafg.(halli)	1.324.351	1.471.014	290.000	2.327.545
Eigið fé í árslok	10.090.244	8.765.893	7.584.879	7.294.879